



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæði Þyts þann 21. Febrúar 2023.

Fundur hófst: 20:00

Fundi slitið: 21:30

Fundinn sátu: Pétur Már, Markús, Daniel, Pura og Rán

Fundargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

- a. Fundargerð 7. Febrúar 2023 samþykkt.

2. Girðingarmál

- a. Daniel er kominn með tilboð í griðingu frá Girðir sem bera þarf undir Hafnarfjarðarbæ en það eru þeir sem samþykkja tilboðið þar sem þeir eru greiðendur á girðingunni.

3. Talstöðvarmál

- a. Markús ætlar að fá verð í talstöðvar fyrir næsta stjórnarfund. Bæði handtalstöðvar (þyrfti 4) og eina black box talstöð í stóra gæslubátinn. Mikilvægt að handtalstöðvar séu vatnsheldar og fljóti en við viljum einnig talstöðvar með hleðslustatifum fremur en usb þar sem að hætta er á að usb snúrur fari á flakk og það gleymist að setja talstöðvar í hleðslu.

4. Tölva fyrir skrifstofu

- a. Þörf á að uppfæra tölvu á skrifstofunni. Daniel tekur að sér að fá verð í turn og íhluti mætir með tilboð á næsta fund.

5. Kaup á Vinilester til viðgerða á bátum

- a. Markús hefur fengið frá Röfnum í kíló og kíló en þeir eiga það ekki núna svo það þarf líklegast að kaupa 20 kílóa tunnu. Markús tekur að sér að finna út úr verðum og senda á stjórnarmenn.

6. SÍL þingið

- a. María Sif Guðmundsdóttir var kjörin sem varamaður svo við erum með 2 menn inni og 1 atkvæði.
- b. Opnunarmót kæna verður haldið af Þyt 10. Júní. Opnunarmót kjölbáta einnig haldið af Þyt 20. Maí (21. Maí til vara). Íslandsmót kjölbáta verður svo haldið af Þyt í byrjun Ágúst. Brokey verður með Íslandsmót kæna og tvær ferðir verða farnar Norður.
- c. 3 nefndir stofnaðar af SÍL. Markús er í mótanefnd og Daniel er í fjárhagsnefndinni.

7. Skipun húsnefndar

- a. Rita þarf skipunarbréf sem tiltekur hverjir eru í nefndinni og hvaða umboð þeir hafa. Ekki með umboð til fjárútláta heldur verður að bera slíkt undir stjórn. Ákveðið að



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

einn úr nefndinni fá rétt til að sitja fundi. Markús og Pura taka að sér að skrifa skipunarbréfið.

8. Skipun Bjarka sem formans Kjölbátadeildar

- a. Stjórn samþykkir Bjarka sem formann kjölbátadeildar.

9. Önnur mál

- a. Fá verð í 65 x stóla sem staflast beint upp í loft og verð í glugga.
- b. Pura fer á stúfana fyrir stóla.
- c. Daniel ætlar að fá tilboð í gluggana.